

10
31. maí.

LÖG

um

heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Landsbanka Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast reikningslán það, sem Landsbanki Íslands tekur á þessu ári hjá The National City Bank of New-York, auk þeirra lána, sem ríkisstjórnin hefir þegar ábyrgst fyrir bankann. Heimilt er ráðherra einnig að endurnýja ábyrgðina frá ári til árs fyrir þau af þessum lánnum, sem veitt eru til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson,